

Dalalæðan

1. tbl. 21. árg., 1. febrúar 2008.



Mörgum Dalbúum var létt þegar hringtorg var sett upp á mótum Vesturlands- og Þingvallavegar síðastliðið sumar. Ákvörðunin um torgið var tekin í kjölfar undirskriftasöfnunar í Mosfellsdal þar sem vakin var athygli á þessari nauðsynlegu samgöngubót. Signý Jóhannsdóttir á Furuvöllum og Þóra Sigurpórsdóttir á Hvirfli gengust fyrir undirskriftunum og á myndinni sjást þær stjórna umferðinni á hinu nýja hringtorgi.

Ljósmynd: Bjarni Bjarkason og Magnús Byron.

---- Leiðari ----

Á síðasta aðalfundi Víghóls urðu nokkrar umræður um skipulagsmál og byggðapróun í Mosfellsdal og verða þau mál skoðuð nánar í leiðara Dalalæðunnar að þessu sinni.

Árið 2003 var nýjasta aðalskipulag Mosfellsbæjar gert og gildir það til ársins 2024. Þar er Mosfellsdalur, norðan Þingvallavegar, skilgreindur sem landbúnaðarsvæði og einnig sem svæði til sérstakra nota, svo sem golfíðkunar.

Sunnan Þjóðveggar eru hins vegar aðrar hugmyndir uppi samkvæmt aðalskipulaginu. Þar er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, þ.e.a.s. íbúðabyggð og fristundabúskap á eins hektara lóðum. Bújörðin Helgadalur er undanskilin þessum áætlunum og er hún skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

Þrátt fyrir þetta skipulag er engan veginn ljóst hvenær skriður kemst á þessa byggðapróun. Samkvæmt upplýsingum frá Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra hefur bæjarstjórn ákveðið að stöðva alla deiliskipulagsvinnu sunnan þjóðveggar, þar eð útreikningar hafa leitt í ljós að kostnaður við að gera sérhverja lóð byggingarhæfa er

mjög hár, eða 15-20 milljónir króna. Þar vegur kostnaður vegna fráveitu þyngst en einnig hefur Vegagerðin lýst því yfir að hún taki ekki þátt í kostnaði vegna vegalagningar á þessu svæði þar eð þetta verði þéttbýlissvæði en ekki dreifbýli. Sveitarfélög sjá um gatnaðgerð í þéttbýli en Vegagerðin um dreifbýlissvæði.

Af þessum sökum hefur frekari uppbyggingu á þessu fyrirhugaða byggingarsvæði verið frestað þar til stefnumörkun fyrir nýtt aðalskipulag liggur fyrir. Hugmyndin er að endurnýja aðalskipulagið á yfirstandandi kjörtímabili og gæti sú endurskoðun leitt til þess að lóðirnar verði fleiri og minni því að frá sjónarhóli Mosfellsbæjar er óhagkvæmt að hafa byggingarlóðir mjög stórar á þessu svæði.

Í stuttu máli virðist vera ákveðin biðstaða í byggðapróun í Mosfellsdal. En það er full ástæða til að hvetja Dalbúa til að fylgjast vel með allri framvindu mála og hafa áhrif á umræðuna og ákvarðanatöku því próun byggingarinnar hér í Dalnum snertir okkur öll.

Bjarki Bjarnason.

Dalalæðan

1. tbl. 21. árg., 1. febrúar 2008.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Auglýsingar: Hlynur Þórisson, Rafn Jónsson og Þóra Bjarnadóttir.

Forsíðumynd: Bjarni Bjarkason og Magnús Byron.

Umbrót: Karl Tómasson.

Prentun: Prentmet ehf.

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

Merkisafmæli á árinu 2008

90 ára

Auður Laxness
frá Gljúfrasteini, 30. júlí.

85 ára

Guðbjörg Sigurjónsdóttir Reykjadal,
8. júní.

75 ára

Ólafur Ingimundarson
Hrísbrú, 22. nóvember.
Jón Helgi Hálfðanarson
frá Mosfelli, 21. desember.

70 ára

Einar Jón Guðjónsson
frá Helgadal, 8. febrúar.
Magnús Bjarnason
frá Hraðastöðum, 4. maí.
Erna Tryggvadóttir
Árvangi, 28. júní. 28
Gunnar Rúnar Pétursson
frá Laxnesi, 4. september.

60 ára

Reynir Holm
Viði, 28. mars.
Gerður Jóhannsdóttir
frá Dalsgarði, 30. mars.
Einar Jakobsson
Norður-Reykjum, 8. júní.
Örn Kjærnested
Laugabakka, 10. nóvember.

50 ára

Sif Bjarnadóttir
frá Mosfelli, 2. febrúar.
Þórður Árni Hjaltsted
frá Varmalandi, 5. apríl.
Páll Kristjánsson
Lundi, 7. apríl.
Katrín Tómasdóttir
Lundi, 23. júlí.
Þóra Sigurþórsdóttir
Hvirfli, 7. ágúst.
Ólafur Rögnvaldsson
Móatúni, 5. september.
Daði Þór Einarsson
frá Reykjadal, 7. september.
Gísli Jóhannsson
Hveramýri, 7. september.
Pétur Þór Gunnarsson
frá Laxnesi, 12. september.
Þórhildur Bjarnadóttir
frá Hraðastöðum, 28. október.

40 ára

Andrés Ólafsson
Hrísbrú, 10. mars.
Þórunn Lára Þórarinsdóttir
frá Laxnesi, 13. mars.
Helena Jónsdóttir
Hveramýri, 18. júlí.
Guðlaug Ágústa Arnardóttir
Laugabakka, 19. október.
Kjartan Hákonarson
frá Grund, 19. nóvember.
Guðrún Pétursdóttir
frá Brávöllum, 3. desember.

Dalalæðan óskar flessu ágæta fólki til hamingju.

Minningar úr Reykjahlíð



Krakkar á barnaheimilinu í Reykjahlíð árið 1962, ásamt nokkrum nágrönnum sínum. Í fremstu röð lengst til vinstri má þekkja Gunnlaug Hreinsson á Laugabóli og næstur fyrir aftan hann er Már Gunnþórsson. Lengst til hægri í fremstu röð er Hörður Þór Karlsson. Björn Heimir Sigurbjörnsson er með myndarlega húfu á höfði og greinarhöfundur er fyrir aftan hann til hægri. Hörður Stefán Harðar er í öftustu röð fyrir miðri mynd og hægri megin við hann eru Jól Kr. Jólsson í Reykjahlíð og Steinar Jakob Kristjánsson.

Það var á síðasta ári sem nokkrir óþekktarangar, sem dvöldu á sínum tíma á barnaheimilinu í Reykjahlíð, hittust í sunnudagskaffi hjá fyrrum forstöðukonu heimilisins, Sigríði Maríu Jónsdóttur. Erindið var alvarlegt, það hafði verið gerð opinber atлага, meðal annars í sjónvarpi, gegn barnaheimilinu og okkur fannst hún snerta við tilfinningum okkar og því góða fólki sem gerði okkur kleift að njóta æskuáranna, þrátt fyrir fjarlægð frá foreldrum okkar.

Gerð hefur verið krafa um opinbera rannsókn á fleiri barnaheimilum en því sem var í Breiðuvík í Rauðasandsshreppi. Ég fagna þeirri ágætu tillögu því þar með mun sannleikurinn væntanlega koma í ljós og um leið mikilvægi þess að börn, sem búa fjarri foreldrum sínum, eigi góða nágranna að, til að veita sér stuðning og hjálp í lífsbaráttu sinni, rétt eins og við áttum sem ólumst upp á barnaheimilinu í Reykjahlíð.

Hugmyndin með heimsókninni til Sigríðar forstöðukonu var að ræða mót-leik gegn þeim áróðri sem viðhafður hafði verið gegn heimilinu. En eftir nokkra stund gleymdist erindið því margt þurfti að ræða og rifja upp frá þessum góðu árum okkar í Reykja-hlíðinni. Einhver rifjaði það upp að við höfðum aldrei eignast óvildarmenn þau ár sem við dvöldum í Dalnum. Þetta voru allt vinir okkar, börn jafnt sem full-orðnir, bændur og vinnumenn, jafnt sem Nóbelssskáld. Þótt við ættum flest lögheimili í Reykjavík var Mosfellsdalurinn heimili okkar og uppeldisstaður en Brúarlandsskóli og síðar Varmárskóli gegndu hlutverki skólans okkar. Leiksvæðin voru ekki einungis barna-heimilið og umhverfi þess heldur einnig vinnuskúrar garðyrkjustöðvanna, hlöð-ur bændanna og heimilin í Mosfells-dalnum.

Löngu eftir að við fórum í burtu, til Reykjavíkur, út á land eða til útlanda hélt Mosfellsdalurinn áfram að vera Dalurinn okkar og Mosfellssveitin hélt áfram að vera sveitin okkar. Sjálf kom ég ekki í Mosfellsdalinn í mörg ár á meðan ég var til sjós og síðar búsett í útlöndum. Eftir að heim var komið hóf ég störf hjá Hitaveitunni, síðar Orku-veitunni, og þá átti ég nánast daglegt erindi í Mosfellsdalinn í nokkur ár. Þótt verulega hafi dregið úr ferðum mínum í Dalinn á síðustu árum rifjast gjarnan upp, þegar ég ek yfir Ásana, ljóðlínan góða í laginu sem Haukur Morthens söng á sjötta áratugnum: "Ég er kominn heim í heiðardalinn, kominn heim í leit að ró."

Margs er að minnast frá árunum í

Reykjahlíð. Ég man að oft var mann-margt í garðyrkjustöðinni hjá Ólafi Gunnlaugssyni á Laugabóli. Þar voru ekki einungis synir hans þrír, Hreinn, Andrés og Erlingur, heldur einnig börn Hreins og Andrésar og að sjálfsögðu krakkaskarinn af barnaheimilinu, auk annarra nágrannakrakka. Ekki var einungis rætt um blóm og ávexti heldur var í sífellu verið að leysa lífsgátuna, auk þess sem krakkarnir fengu aðstöðu til reiðhjólaviðgerða, smíða og fleiri þroskaleikja.

Einhverju sinni var óvenjumikið umleikis í skúrnum. Erlingur, sonur Ólafs, og Kiddi í Reykjahlíð voru að gera við skellinöðurnar sínar, en yngstu pollarnir úr Reykjahlíðinni voru líka staddir í skúrnum. Þar á meðal var einn sem átti erfitt með stjórn á talandanum á sér, þótt eldri strákarnir segðu honum að þegja. Ólafur hafði hinsvegar lúmskt gaman af stráknum og hvatti hann áfram, fremur en að letja hann.

Skyndilega greip Ólafur uppblásna hjólaslöngu sem einhver hafði verið að bæta og kastaði henni í átt að sí-blaðrandi drengnum úr Reykjahlíðinni. Hann hitti í mark, slangan fór yfir höfuð drengsins og staðnæmdest á hálsi hans en Ólafur sagði að bragði: "Þetta er bara alveg eins og prestakragi á þér, þú verður örugglega prófastur þegar þú verður stór."

Þótt aldrei kæmi til þess að dreng-urinn færi í guðfræðideildina var lengi talað um tvo presta í Mosfellsdalnum eftir þetta, prestinn á Mosfelli og undirritaða sem skrifar niður þessi fátæklegu orð.

Anna Kristjánsdóttir.

SJÁUMST HRESS Á ÞORRABLÓTINU!

Grímannsfell



Horft af þingvallavegi í áttina að Grímannsfelli. Myndin er tekin á móts við Seljabrekku þar sem heyskapur stendur yfir með aðstoð þarfasta þjónsins.

Allir Dalbúar kannast við Grímannsfell, hæsta fjallið sem umlykur Dalinn og reyndar það hæsta í öllu bæjarfélaginu þar sem það rís 482 metra yfir sjávarmál.

Líklega hafa fá fjöll verið nefnd fleiri nöfnum en þessi fjalladrottning Dalsins: Grímannsfell, Grímannsfell, Grímarsfell og Grímannsfell. Ógerlegt er að kveða upp úr hvert nafnanna sé rétt eða réttast þar eð uppruni örnefnisins er óviss, þótt Halldór Laxness velkist ekki vafa um það í endurminningarsögu sinni *Grikklandsárið* og segir: "Frá Laxnesi lokar Grímansfell sjóndeildarhríngnum til suðausturs og horfa klettabelti fjallsins í norður mót okkur, og safna skugga; fjallið hefur upphaflega verið kent við Grímar sem síðar breyttist í Grímann uppá dönsku einsog annað hér. Efst í klettabeltunum klofnar fjallið fyrir miðju, en fyrir neðan klúftina byrja grænar hlíðar og hallar niðrað á þeirri sem fellur meðfram fjallinu og ofan dalinn, Köldukvísl."

Þess skal getið að samkvæmt Íslendingabók tíðkaðist mannsnafnið Grímar ekki fyrr en á 20. öld og hafa fimm menn borið það. Sá fyrsti var einmitt ættaður úr Mosfellsdal, Grímar Jónsson (1913-1980) frá Helgadal.

Á sínum tíma var skrifuð háskólaritgerð um þetta ágæta fjall. Þar er um að ræða BS-

ritgerð í jarðfræði frá árinu 1972 eftir Sigríði Theodórsdóttur sem var fædd árið 1921 en andaðist síðastliðið sumar.

Það vakti nokkra athygli á sínum tíma að fimmtug margra barna móðir stundaði háskólanám en í spjalli við undirritaðan fyrir nokkrum árum gat Sigríður þess að sérstakt atvik hafi ráðið því að Grímannsfell varð fyrir valinu sem viðfangsefni hennar. Hún hafi í fyrstu ætlað sér að skrifa lokaritgerð sína um Skálafell en þegar hún var að hefjast handa við rannsóknir sínar þar hafi hún hrasað illilega í fjallinu. Þá hugsaði hún því þegjandi þörfina, hörfaði niður í Mosfellsdal og valdi sér Grímannsfell sem rannsóknarefni.

Sigríður komst að þeirri niðurstöðu að Grímannsfell væri 2-2,5 milljóna ára gamalt. Á einum stað fann hún jarðhita þar sem volgt vatn seitlaði fram í Illagili við Bringur. Hún fór í margar rannsóknarferðir um fjallið og engar sögur fara af því að hún hafi hrasað þar. Stundum uppgötvaði hún við upphaf ferðar að hún var blýants- og pennalaus. Þá bankaði hún upp í Gljúfrasteini og fékk lánuð skriffæri hjá skáldinu sem reyndust henni vel í bröttum hlíðum Grímannsfells.

Bjarki Bjarnason.

Skaut mink á jólunum

Viðtal við Guðna á Hraðastöðum



Guðni á Hraðastöðum með tvær lágfótur sem hann veiddi í Mosfelli sumarið 2005.

Fréttaritari Dalalæðunnar sló á þráðinn til Guðna Bjarnasonar skyttu á Hraðastöðum og innti hann eftir veiðitölum frá síðasta ári.

- Þetta var óvenju gjöfult ár í refaveiðunum, segir Guðni. Ég skaut um 70 tófur, aðallega á Mosfellsheiði.

Lástu á mörgum grenjum?

- Ég lá á sjö grenjum og meðal þeirra voru þrjú ný, á Hólmsheiði við Selvatn og Leirvogsvatn.

Hver heldur þú að sé skýringin á þessari aukningu?

- Þær geta verið margar. Nýliðnir vetur hafa verið mildir og það virðist vera nóg æti, meðal annars vegna þess að rjúpan er friðuð. Svo getur verið að tófur leiti hingað úr öðrum héruðum

þar sem þær eru minna veiddar, til dæmis af Reykjanesskaganum.

Veiddir þú marga minka á síðasta ári?

- Þeir voru um 40, óvenju margir við Leirvogsa en einnig við Leirvogsvatn, Selvatn og víðar.

Hvað með fuglaveiðarnar?


- Ég skaut mikið af sílamávi, meðal annars í Leiruvogi og kringum Sorpu í Álfnesi. Svo veiddi ég um 40 hrafna í Grímannsfelli sem náttuðu sig þar í stórum stíl.

Hvenær skaustu síðasta dýrið?

- Það var á annan í jólum. Þá rakst ég á mink á förnum vegi hér í Mosfellsdalnum og skaut hann á færi, segir Guðni á Hraðastöðum að lokum.

- bjarki.





Myndir frá porrablótum Dalbúa 2006 og 2007 og síðustu brennugleði.
 Ljósmyndir: Mosfellingur.



Dalbúar höfðu löngum mikil samskipti við Kjalnesinga, einkum þá sem bjuggu á Kjalarnesi austan Kleifa í Kollafirði. Kollafjarðarrétt var sameiginlegur vettvangur þeirra og þar er þessi mynd tekin um 1950. Talið frá vinstri: Andrés Ólafsson á Hrísbú, séra Hálfðan Helgason á Mosfelli, Oddur Einarsson í Bverárkoti og Jónas Magnússon í Stardal. Árið 1953 drukknaði Oddur í Grafará þegar hann var að flytja mjólk yfir ána.

Ágætu Dalbúar.

Stjórn Víghóls hefur ákveðið að gera breytingu á fjáröflun félagsins vegna útgáfu *Dalalæðunnar* og annarra starfa á vegum Víghóls. Í stað þess að ganga í hús og safna fé verða sendir út greiðsluseðlar á sérhvert heimili í Dalnum að upphæð 2000 krónur og verða þessir peningar árgjald okkar í íbúasamtökunum Víghól.

Við vonum að íbúar Dalsins taki vel í þessar breytingar en með þeim viljum við efla félagið og þátttöku Dalbúa í starfi þess. Ef einhverjir fá ekki greiðsluseðla er það einungis vegna mistaka og biðjum við þá að senda okkur línu svo við getum leiðrétt skrána fyrir næsta ár.

Hægt er að greiða beint inn á reikning félagsins sem er númer 0315-13-700185. Kennitala Víghóls er 641198-2779.

Að lokum má geta þess að stjórnin vinnur núna að íbúaskrá fyrir Mosfellsdal með kennitölum, heimilisföngum og netföngum og

biðjum við því alla Dalbúa að senda okkur póst á t.bjarnadottir@gmail.com með þessum upplýsingum.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Stjórn Víghóls.

Leirvogsa



Horft upp með Leirvogsa sem var mikill farartálmi þar til hún var brúuð seint á 19. öld. Ljósmynd: Jón Sigurjónsson.

Leirvogsa er dragá sem á það til að vaxa mikið í leysingum og vatnsveðrum. Hefur fólk drukknad við að reyna að komast yfir hana og einnig í þveránni Grafará eins og lesa má í eftirfarandi slysaannáll:

- 1853** Baldvin Sigurðsson, vikadrengur í Laxnesi, drukknar 5. maí í Leirvogsa.
- 1854** Gróa Erlingsdóttir, vinnukona á Hrísbú drukknar 17. apríl í Leirvogsa.
- 1892** Maður drukknar í Leirvogsa.
- 1901** Maður drukknar í Leirvogsa.
- 1944** 19 ára maður drukknar í Leirvogsa hinn 25. júní.
- 1953** Oddur Einarsson bóndi í Þveráarkoti drukknar í Grafará en hún fellur í Leirvogsa.

Hér er ekki tæmandi talning á slysum og drukknunum við Leirvogsa en ljóst er að þegar brúarsmíði hófst á Íslandi af einhverju viti var ljós þörfin að brúa þessa varhugaverðu á sem gat verið mikil samgönguhindrun. Venjulega nær áin rétt upp fyrir hné en víða er hún mjög straumhörd svo erfitt getur verið að fóta sig í henni.

Árið 1891 var smíðuð brú yfir Leirvogsa. Teikninguna gerði upphaflega F.A. Bald byggingameistari, sá sami og kom við sögu bygginga ýmissa húsa, t.d. Hegningarhússins og Alpingishússins. En sú brú þótti of dýr og var önnur einfaldari brú byggð eftir teikningu sem Magnús Stephensen hafði undir höndum.

Brúin á Leirvogsa var sperrubrú með norsku lagi. Brúarbreiddin var átta fet eða um 2,44 metrar. Öll tré í brúnni og einnig plankarnir í pallinum voru bikuð en handriðið málað. Stöplarnir urðu stærri en ætlað var í fyrstu; stöpullinn sunnan megin varð að grafa lengra inn þegar í ljós kom að þar var tóm mold fyrir, að norðanverðu varð að brjóta úr klöppinni að framan því að hún þótti ekki nægilega traust. Þá voru báðir stöplarnir hækkaðir og lengdust þeir mikið við það.

Guðjón Jensson.



Jóel Kr. Jóelsson, Reykjahlið

Fæddur 22. janúar 1921, dáinn 16. júní 2007

Mágstelpa var viðurnefni sem Jóel gaf mér tíu ára gamalli þegar hann kvæntist Salome (Lóu) systur minni. Ég var í sveit hjá þeim á hverju sumri fyrstu átta árin í hjúskapartíð þeirra, fyrst á Stóra-Fljóti í Biskupstungum, síðar sem barnapia hjá Lóu systur í Blómvangi í Mosfellsveit. Þar fékk ég nýja veiðidellu og stundaði álaveiði í ánni og seldi dönskum að ráði Jóels.

Þegar hann tók við Gróðrarstöðinni í Reykjahlið réði hann mig ásamt fleiri unglingum í sumarvinnu. Jóel lét sér annt um okkur og var bæði góðviljaður og skilningsríkur; leikjapörfin fékk útrás á túnunum hans í Reykjahlið og hann hvatti okkur til íþróttaiðkana, en setti strangar reglur um heimkomu og háttatíma. Hann stóð úti á hlaði í Reykjahlið þegar við komum heim af íþróttæfingum og ekkert okkar vogaði sér að tefja úti eftir ellefu á kvöldin.

Ekki þótti mér ónýtt að hafa Jóel sem ökukennara. Holóttir slóðarnir í Skammadal voru æfingasvæðið og holurnar kennslutæki um hvernig aka skyldi þýðlega og forðast að láta bílinn "taka niðri". Og þegar maður gat bakkað jeppa með aftanikerru eftir planku þóttist kennarinn hafa gert ökumann úr mágstelpunni.

Okkur krakkana sárvantaði sundlaug í dalinn. Nóg var af heita vatninu. Það þurfti útsjónarsemi og framtak og Jóel hvatti okkur til að stífla ylvoga ána. Og lét okkur í té góð ráð, verkfæri og sandpoka. Mágstelpa var send á efri bæina til að biðja fólk að hætta að henda rusli í ána. Það var auðsótt mál og við krakkarnir byrjuðum á verkinu. En lítið fannst Jóel til um verksvit okkar og setti að honum hlátur þegar við hækkuðum árbotninn með mól og settum sandpokana ofan á hrúguna. Enda þurftum við að hefja leik að nýju þegar áin gróf undan sandpokunum. Útilaugaráhuginn hvarf þó fljótt af hreinlætisástæðum.

En sundlaug skyldum við fá! Jóel hugkvæmdist að nýta hlöðuna í gömlu Reykjahlið og taldi að jarðvegurinn utan veggja myndi halda við vatnspungann. Enn var smalað til sjálfböðavinnu og bændurnir af bæjunum í kring tóku þátt í að steypa, mála og snyrta. Sundlaugin varð að veruleika og 200 metrarnir syntir þar í árafjöld. Einfaldar lausnir voru Jóel hugstæðar og mörg huglæg uppfinningin var sett fram yfir kaffispjalli og pönnukökunum hennar Lóu.

Ég á Jóel mági mínum og sumar-fóstra margt að þakka, ekki síst tækifærin sem maður fékk á unglingsárunum til að spreyta sig og reynsluna af því að hugmyndir er hægt að framkvæma við frumstæðar aðstæður. Verklaunin eru ánægjan við að koma þeim í verk. Á áttræðisaldri greip hann á lofti hugmynd Toms tengdasonar síns um níu holu golfvöll í túninu heima og framkvæmdi með hjálp unglinganna sinna og verkfærunum sem hann hafði við höndina.

Nú sakna ég vinar míns og fóstra, heyrir þó enduróminn af ferðasögunum hans góðu.

Kristín Þorkeldsdóttir.



Sími: 586 8080 Fax: 586 8081



Phone: (354) - 566 7310

Mobile: (354) - 896 0131

Fax: (354) - 566 7241

E-mail: namo@namo.is

www.namo.is

Box: 285

Bank: 549-26-4333

Cip code: isalsbre

Johann Gudjonsson



Ástand 18 • 270 Mosfellsbær • ICELAND



Steingrímur Þorsteinsson frá Tjaldanesi

Fæddur 27. desember 1951, dáinn 1. júlí 2007

Það er óraunverulegt að hugsa til þess að Steingrímur frændi sé farinn frá okkur. Fyrir mér hefur hann alltaf verið svo sterkur og hraustur og þannig var hann líka þegar ég sá hann síðast, skömmu áður en hann dó. Hann var hamingjusamur eftir gott ferðalag erlendis og var svo í sumarþúðum á Laugarvatni. Steingrímur var mikill sögumaður og á mannamótum undi hann sér best. Í seinni tíð fór hann að halda ræður við góð tilefni. Mikið vildi ég geta flutt eins góðar ræður og hann gerði.

Það var virkilega gaman að heimsækja Steingrím á aðventunni í Erluási. Yndislegur matur og góður félagsskapur. Stundum setti Steingrímur tónlist á inni í herberginu sínu og hann og eldri sonur minn tóku dansspor, þeim og okkur öllum til mikillar ánægju.

Það er skritið að hugsa til þess að Steingrímur skuli ekki oftara mæta í heimboð, veislur eða við önnur hátíðleg tilefni innan fjölskyldunnar. Hann var manna spenntastur og svo var hann svo herralegur, kom yfirleitt með blóm eða fallegar gjafir. Ég hef ekki hitt mann sem hafði jafn gaman af því að gera gjafir og hann.

Það mun eitthvað vanta um næstu jól. Það hefur alltaf verið partur af jólonum að fara í afmælið hans Steingríms. Þar komu saman ættingjar sem hittust jafnvel aðeins í þetta eina skipti á árinu. Afmælin hjá Steingrími voru alltaf stórafmæli í huga okkar allra.

Steingrímur var mikil barnagæla og á ég afskaplega góðar minningar um hann frá barnæsku minni. Hann gaf sér alltaf tíma til leika við okkur bróður minn og lesa fyrir okkur. Þegar ég eignaðist svo syni mína sá ég hversu stoltur frændi hann var og hann vildi allt fyrir okkur gera. Þeir eru heppnir að hafa fengið að kynnastrá honum þótt stutt hafi verið. Ég veit að Steingrímur mun vernda þá að handan og er það góð tilfinning. Steingríms er sárt saknað.

Ingibjörg Hanna.

Mosblikk ehf

Hestakerrur sími: 894-1236

REYKJABÚÍÐ

REYKJUM • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 566 6800

N1 hjólarðapjónusta

Mosfellsbæ

Verið velkomin



Bílapjónusta

SÍMI 566-8188
WWW.N1.IS

Bifreiðaverkstæði Guðvarðar og Kjartans.

Sími 566 - 6257

Dalalæðan

13



Þorbergur Gíslason Roth Hveramýri

Fæddur 3. september 1985, dáinn 8. júlí 2007

Æjæja, elsku vinur minn, ég trúi ekki enn að þetta hafi farið svona. Mér finnst svo stutt síðan ég, Bergur og Gísli reyndum að uppgötva leyndar-dóma lífsins og héldum að tilveran tæki enda við mynni Mosfellsdalsins.

Ætli ég sé ekki aftur orðinn sömu skoðunar, eftir atburði vikunnar.

Þorbergur var einn elsti vinur minn og einn vandaðasti og heilsteypasti maður sem ég hef kynnst. Hann var hugrakkur, einlægur, sterkur, hreinskilinn og, að öðrum ólöstuðum, einhver skemmtilegasti maður sem hægt var að rabba við. Í eldmóði sínum sýndi hann okkur hinum hvernig hægt var að takast á við hindranir lífsins með æðruleysi og dirfsku. Það var ekki af ástæðulausu sem ég sagði: "Það sem kom okkur til bjargar var hvað Bergur var harður" í laginu Mosó. Nei, það var af því að harkan og seiglan í Þorbergi var öðrum innblástur. Ég man þegar ég, Þorbergur og Gísli kepptum um það hver okkar þroskaðist hraðast. Líklega fékkst ekki botn í þá keppni fyrr en á útskriftardaginn hans og í veislunni í Dalsgarði. Þá sá ég að hann var orðinn karlmaður, en ég og Gísli vorum enn bara drengir. Bara ef hann gæti búið til eina sprengju í viðbót, veitt eina mús, eða bara glott einu sinni enn framan í mig. Klökkur kveð ég Berg, lífs-kunstner, og heimurinn er verri staður án hans. Þó svo að við værum alltaf samstíga í trúleysi okkar veit ég núna að auðvitað er til staður fyrir meistara eins og Þorberg. Mosfellsdalur himin-hallanna. Þar situr hann eflaust, borðar svissneskt súkkulaði, dundar sér við að búa til bombur, les náttúrulífsbækur og eldar eitthvað ótrúlega gott fyrir liðið. Við sjáumst þegar við sjáumst og ég er strax farinn að hlakka til.

*Hvert örstutt spór var auðnuspór með þér,
- hvert andartak er tafðir þú hjá mér
var sólskinsstund og sæludraumur hár,
minn sáttmáli við guð um þúsund ár.*

*Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?
Hve öll sú gleði' er fyr naut hugur minn
er orðin hljómlaus utangátta' og tóm
hjá undrinu að heyra þennan róm ...*

(Halldór Laxness)

Halldór Halldórsson.



Þverhofti 2 Kjarna

- Afmælisveislur
- Fermingarveislur
- Sælikeraveislur
- Jólahlaðborð
- Þorrablot
- Árs hátíðir
- Brúkaupveislur
- Erifisdrykkjur
- Ráðstefnur
- Fundir
- Ættarmót
- Pinnamat
- Hlaðborð
- Smáréttir

Helgárdur

VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði
Háholli 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097



Ísfugl

Reykjavegur 36 Mosfellsbær
Sími: 566 6103 - Fax 566 6762

Dýralæknirinn í Mosfellsbæ

Þverholti 2 Kjarna

Auglýsing

í Dalalæðunni

ber ótvíræðan árangur.

Auglýsingadeildin.

Dalalæðan þar sem

metnaður er lagður

í hverja auglýsingu

Íslandsgröfur ehf.

Hraðastöðum 4 - 270 Mosfellsbæ - Símar 566 8830 og 896 8916
Tölvupóstur: rabbi@centrum.is

Gandur ehf.

Sími: 696-8523

Glitnir

Leirvogstunga.is

**Ferðapjónustan
og bókaútgáfan**

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími: 566-7098, 820-0320

Netfang: bjabja@ismennt.is

Bjarki Bjarnason.

GÍSLASON
VIÐGERÐIR ehf.

Völuteigi 25

MOSFELLINGUR

Frjálst og óháð bæjarblað



Dalsgarður

– við gerum rósir

**Blómasala alla daga kl. 9.00-13.00
Dalsgarði Mosfellsdal**

Gísli Jóhannsson rósabóndi/rosefarmer
Dalsgarður 270 Mosfellsbæ Ísland
Sími/tel. +354 566 7490
Fax: +354 566 7610
Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is



**Vinnustofa Þóru á Hvirfli er opin
eftir samkomulagi, s. 566-7098 og 820-0321.**

Love every day

2008 línan af hágæða
unaðssmyrslunum komin. Verð
með kynningu fyrir þorrablótið að
heimili mínu Alma Þ.G. Óskars
símar: 566-8

Annáll ársins 2007

Þorablót

Þorablót Dalbúa var haldið í Hlégarði hinn 29. janúar. Brak og brestir tóku á móti gestum með miklum lúðræpt og komu upp stemningu sem hélst út kvöldið. Veislustjóri var Rafn Jónsson sem stóð sig með stakri þrýði þrátt fyrir að vera fársjúkur! Biddi var með góðan annál að vanda, klikkaði ekki frekar en fyrri daginn. Hljómsveitin Dalton tók síðan við og lék fyrir dansi fram á rauðanótt.

Gvendarreitur

Sumarskemmtun var í blíðskaparveðri í Gvendarreit hinn 7. júlí. Veitingar í föstu og fljótandi formi voru í boði Víghóls og var ágætismæting. Vonandi skapast sú hefð aftur að Dalbúar hittist í reitnum á hverju sumri og skemmti sér saman.

Aðalfundur

Aðalfundur Víghóls var haldinn 13. desember. Fundarstjóri var Bjarki Bjarnason og las hann einnig upp úr óútgefinni bók Sögufélags Kjalarnesþings sem heitir Mosalyng og hefur að geyma þjóðsögur úr Mosfellssveit. Hulda Jónasdóttir ritari og Þórhildur Thorsteinsdóttir Scheving gjaldkeri Víghóls gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og voru Þóra Bjarnadóttir og Rafn Jónsson kosin í þeirra stað og undirritaður var endurkjörinn í stjórn. Garðar Hreinsson var kosinn vara- maður í stjórn en hún hefur skipt með sér verkum þannig að Hlynur er formaður, Þóra gjaldkeri og Rafn ritari. Ég býð þóru og Rabba velkomin til starfa og hlakka til að vinna með þeim að málefnum Dalsins.

Áramótavarðeldur

Þrátt fyrir vonða veðurspá og að öðrum brennum á höfuðborgar- svæðinu hafi verið aflýst létum við Dalbúar það ekki á okkur fá. Varðeldurinn okkar var á sínum stað í ágætisveðri og spilaði hin sívinsæla Brak og brestir undir söng. Fjölmargir mættu og kyrjuðu m.a. „Hverjir eru bestir? Brak og brestir!”

Dalalæðan

Bjarki Bjarnason á sem fyrr veg og vanda af Dalalæðunni okkar. Þetta blað er ómissandi fyrir núverandi og fyrrverandi Dalbúa. Bestu þakkir til allra sem styrkt hafa útgáfuna og Bjarki: þessi vinna þín er ómetanleg!

Annað

Eins og flestir vita gengu tvær dalalæður, þær Signý á Furuvöllum og Þóra á Hvirfli, á fund Sturlu Böðvars- sonar þáverandi samgönguráðherra og afhentu honum undirskriftalista frá Dalbúum þar sem skorað var á yfirvöld að gera hringtorg á mótum Vestur- lands- og Þingvallavegar.

Undirskriftirnar höfðu greinilega áhrif því hringtorgið leit dagsins ljós síðastliðið sumar. Er það mál manna að torgið bjargi algjörlega umferðar- menningu Dalsins og fólk komist nú í sjöppuna á sunnudagskvöldum þegar fólk streymir til höfuðborgarinnar á sumrin.

Útsvar er skemmtilegur spurninga- þáttur í ríkissjónvarpinu þar sem sveitarfélög keppa í æsispennandi spurningaleik. Nú er Mosfellsbær kominn í átta liða úrslit sem er frábær árangur og það er enn betra að tveir af þremur liðsmönnum eru búsettir í Mosfellsdal. Dalbúar eru greinilega yfirburða gáfaðir!

*Sjáumst á þorablótinu.
Hlynur Þórisson.*